

Stjórnarfundur FHB

haldinn 26.08.2009 í Bændahöllinni kl. 13

Mætt voru: Kristinn Guðnason, Sigbjörn Björnsson, Eyþór Einarsson, Helga Thoroddsen, Ólafur Einarsson og Hulda G. Geirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Kristinn Guðnason formaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar hafði verið samþykkt í gegnum tölvupóst eins og áður og því var ekki farið sérstaklega yfir hana.

Fyrsta mál á dagskrá voru **umsóknir í Þróunarfjárfélag hrossaræktarinnar** og afgreiðsla þeirra.

Félagið átti aðild að fjórum umsóknum og fengust styrkir til þriggja.

Málþingið „Út með ágrip“ var styrkt um kr. 300.000 sem nokkurn veginn nær yfir kostnað við þingið.

Hestatorg á HM 2009 var styrkt um 1.500.000, en torgið er samstarfsverkefni hagsmunafélaga, skóla og stofnana í hestamennsku og hrossarækt.

Markaðssókn í mótbyr – markaðsátak FHB fékk 1.000.000, en undir það fellur m.a. gerð nýrrar heimasíðu á íslensku og ensku, gerð nýs kynningarefnis, gagnaöflun og greining á erlendum mörkuðum.

Umsókn um kennslusýningar í samstarfi við FT og Járningamannafélag Íslands var hafnað á þeim forsendum að slíkar sýningar ættu að geta borið sig sjálfar.

Kristinn sagði frá **heimsókn** sinni og Guðlaugs Antonssonar, hrossaræktarráðunautar, **til Jóns**

Bjarnasonar landbúnaðarráðherra þar sem málefni búgreinarinnar voru rædd og mikilvægi þess að haldið yrði áfram með þróunarfjárframlag til greinarinnar.

Í beinu framhaldi sagði Kristinn frá starfi Þróunarfjárfélagarinnar sem er á lokaári úthlutunar þeirra peninga sem ætlaðir voru í verkefnið. Rætt var um framhaldið og mikilvægi þess að þetta fjárframlag til greinarinnar fengist áfram, en búgreinin hlýtur enga aðra styrki. Stjórn FHB telur framlagið hafa skilað miklu og var samþykkt að stjórn FHB myndi rita bréf til ráðherra og skora á hann að framfylgja þessu máli.

Heimasíða FHB var næst til umræðu. Hulda kynnti nýja heimasíðu en vinnu við hana er nánast lokið. Verið er að safna frekari gögnum inn á síðuna og ganga frá hýsingu og öðrum tæknilegum þáttum. Þegar því er lokið verður síðan sett í loftið og formlega kynnt. Stjórnarmenn voru ánægðir með síðuna og fannst hún stílhrein, aðgengileg og einföld í notkun. Lagt var til að lögð yrði sérstök áhersla á upplýsingar tengdar útflutningi hrossa á þessari nýju heimasíðu og gerð yrði sérstök undirsíða þar um. Rætt um að biðja Vefsmiðjuna Orion sem vann síðuna um að gera tilboð í heimasíður til aðildarfélaga FHB.

Hestatorg 2009. Hulda sagði frá Hestatorginu á HM í Sviss fyrr í mánuðinum. Í ljósi aðstæðna var verkefninu sniðinn stakkur eftir vexti og var torgið töluvert minna í sniðum en áður. Aðilar að verkefninu voru þeir sömu og áður, þ.e. FHB, FT, LH, WorldFengur, Hólaskóli, LbhÍ, Sögusetrið og LM. Fjórir starfsmenn voru í torginu þar sem þeir dreifðu kynningarefni frá ofangreindum aðilum, auk þess að sýna myndefni á skjá og kynna WorldFeng í tveimur tölvum sem voru uppsettar í torginu. Einnig stóð torgið fyrir getraun þar sem spurt var út úr kynningarefninu á staðnum og var þátttakan gríðarmikil. Dregið var þrisvar á dag og í verðlaun voru þjálfunarveggspjöld FT og ræktunarmarkmiðsdiskar FHB. Í hádeginu á laugardegnum sat Þórarinn Eymundsson tamingameistari og lektor á Hólum fyrir svörum í torginu og spjallaði við gesti um reiðmennsku, þjálfun og námið á Hólum. Var honum mjög vel tekið og mikill fjöldi fólks sem sótti þennan viðburð. Starfsmenn torgsins voru ánægðir með aðsókn að torginu og fór allt það kynningarefni út. Félag

hrossabænda útbjó skemmtileg póstkort með myndum af íslenska hestinum og slagorðum. Kortin ruku út og vöktu mikla lukku. Á kortunum var einnig að sjá merki félagsins og vefslóð. Lauslega rætt um framhaldið og útfærslu á því.

Uppskeruhátíð 2009. Rætt um undirbúning hátíðarinnar og fram kom að LH hefur boðað til fundar vegna málsins. Stjórnarmenn voru sammála um að eðlilegast væri að hátíðin væri áfram 50/50 samstarfsverkefni og skuli stýrast af báðum aðilum, auk þess sem hagnaður/tap skuli skiptast jafnt.

Kynbótadómar 2009. Kristinn fór yfir dómsstörf sumarsins þar sem m.a. kom fram að meiri sátt virðist ríkja um tveggja dómnefnda kerfi, en slíkt kerfi var við lýði á stærstu sýningum ársins. Gerðar voru tilraunir með nýtt sýningarfyrikomulag, annars vegar á námskeiði kynbótadómara á Miðfossu og hins vegar í tengslum við sumarhátíð á Hellu í ágúst. Kristinn sagði reynsluna af þessum tilraunum gefa tilefni til að skoða þessi mál frekar. Fimmtán knapar tóku þátt á Hellu og létu þeir flestir vel af tilrauninni, sögðu hrossin óþreytt og sumir þeirra sem áður höfðu verið alfarið á móti þessum hugmyndum skiptu algerlega um skoðun eftir að hafa prófað. Málið rætt áfram, menn veltu fyrir sér hversu frjálst formið gæti orðið, val á milli beinnar brautar og hringvallar osfrv. Kristinn sagði markmiðið með þessum breytingum vera að sjá meira af því sem í viðkomandi hrossi býr, auk þess sem þetta gæti minnkað álag og þar af leiðandi áverka.

Eypór velti fyrir sér hvort þetta form væri endilega leiðin til framþróunar, eðlilegt væri að halda áfram að þróa kynbótasýningar, en margar leiðir væru til á þeirri vegferð. Einnig ræddu fundarmenn nokkuð um hugtök og tengsl þeirra við einkunnir, "t.d. hugtakið „reiðvilji“ sem í huga sumra fundarmanna er sá æskilegi vilji sem allir eru að leita að, jákvætt, samvinnufúst hross sem vinnur fyrir knapann án átaka en þó með framhugsun. Veltu menn því fyrir sér hvort þessi lýsing ætti ekki allt eins við hross með hæstu einkunnir en líklega er sjaldgæfara að þeirra vilja sé lýst með þessu hugtaki."

Til fundarins kom Tjörvi Bjarnason frá kynningarsviði Bændasamtakanna. Félag hrossabænda er þátttakandi í verkefninu „**Eldum íslenskt**“ sem eru matreiðsluþættir þar sem íslenskt hráefni er í öndvegi, sýndir á sjónvarpsstöðinni ÍNN og á vef Morgunblaðsins, www.mbl.is. Unnið er að gerð þáttar um hrossakjöt og var samþykkt að Kristinn formaður myndi verða gestur þáttarins, en venja er að ræða við fulltrúa viðkomandi búgreinar í þáttunum.

Aðalfundur 2009 var dagsettur föstudaginn 6. nóvember nk. á Hótel Sögu kl. 10. Rætt um hugsanlega dagskrá og fyrirlesara og komu nokkrar hugmyndir fram í þeim efnum. Samþykkt að skoða nokkrar þeirrar frekar. Hefðbundin aðalfundarstörf verða á dagskrá, en nánari dagskrá verður kynnt þegar nær dregur fundinum.

Önnur mál:

Kristinn las bréf frá félaga sem stendur í stappi við nágranna sem girt hefur yfir forna reiðleið. Málið kynnt og voru stjórnarmenn sammála um mikilvægi þess að fornar reiðleiðir haldist opnar.

Hulda sagði frá gerð nýs kynningarefnis m.a. gangtegunda veggspjalda sem unnin hafa verið upp úr kynningarbæklingi, en hugmyndin að þau nýtist þar sem kynningar fara fram á íslenska hestinum og hafa þau t.d. verið sett upp í Friðheimum í Biskupstungum þar sem um 3.000 manns hafa komið á sýningu um íslenska hestinn í sumar. Einnig verður hægt að nota veggspjöldin á fagsýningum, í skólum osfrv.

Einnig sagði Hulda frá ferð sinni Noregs í júní sl. þar sem hún kynnti sér markaðsaðstæður og heimsótti hrossabú, tamningastöðvar og innflytjendur víðsvegar um Noreg. Hulda vinnur að skýrslu um ferðina sem er hluti af verkefninu „Markaðssókn í mótbyr“ en hún telur að miklir möguleikar séu í

markaðssetningu í Noregi og þar bjóðist mörg spennandi tækifæri t.d. í samstarfi við landbúnaðarskóla ofl.

Fjallað var um undirbúing næsta landsmóts. Eyþór Einarsson er varamaður í stjórn LM fyrir hönd BÍ og mun hann fylgjast með framvindu mála

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.